



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 13. maí 2019

**Efni: Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022, 771. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn embættis umboðsmanns barna um framangreinda þingsályktunartillögu.

Umboðsmaður barna fagnar því að lögð hafi verið fram framkvæmdaáætlun í barnavernd og vonar að hún verði samþykkt og henni hrint í framkvæmd á gildistímanum. Þó ber til þess að líta að allmargar aðgerðir tillögunnar var einnig að finna í síðustu framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, sem samþykkt var á Alþingi árið 2017, en hafa ekki verið framkvæmdar.

Í tillögunni kemur fram að við gerð framkvæmdaáætlunarinnar hafi verið unnið samkvæmt nýju verklagi með virku og viðtæku samráði við helstu hagsmunaaðila um áhersluatriði og forgangsroðun verkefna. Umboðsmaður barna vill þó áréttta sérstaklega að ekki var haft samráð við börn á neinu stigi vinnunnar, þrátt fyrir að um þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra sé að ræða. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, ber að tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem þau varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Það er því brýnt að ávallt sé leitað eftir sjónarmiðum og reynslu barna sem eru notendur þeirrar þjónustu sem til stendur að leggja mat á eða breyta hverju sinni.

Á síðustu misserum hefur átt sér stað mikil fjölmiðlaumræða um barnaverndaryfirvöld og vinnslu barnaverndarmála og má ráða af ýmsum erindum sem embætti umboðsmanns barna

hefur borist að tilteknir hópar beri ekki nægilega mikið traust til barnaverndaryfirvalda. Með hliðsjón af því að um er að ræða afar umfangsmikla framkvæmdaáætlun hefði að mati umboðsmanns verið full ástæða til að bæta við aðgerð um kynningarstarf og fræðslu til almennings og fagfólks til að koma á framfæri réttum upplýsingum um hlutverk barnaverndaryfirvalda og markmið og framkvæmd barnaverndarstarfs í landinu.

Að öðru leyti telur umboðsmaður barna að hér sé fram komin metnaðarfull áætlun um bætta þjónustu í málum barna og fjölskyldna sem vonir standa til að verði fjármögnuð að fullu. Þá tekur umboðsmaður barna sérstaklega undir mikilvægi þess að fram fari reglulegt mat á því hvort fósturráðstafanir og meðferðarúrræði Barnaverndarstofu skili tilætluðum árangri, eins og tillagan gerir ráð fyrir, en barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna beindi því til Íslands, í síðustu lokatilmælum sínum frá árinu 2012, að rannsaka aðlögun og árangurshlutfall barna sem vistuð eru utan heimilis.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna